

**Snjallræði – afhending viðurkenninga 2019.**  
**Ávarp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktssonar.**  
**Borgarstjórnarsalnum í Reykjavík,**  
**fimmtudaginn 28. nóvember kl. 15:40**

Formaður borgarráðs, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, kæru keppendur, aðrir góðir gestir.

Það er virkilega ánægjulegt að fá að vera með ykkur hér í dag taka þátt í því að veita ykkur viðurkenningar fyrir þátttöku ykkar í Snjallræði 2019. Það er gaman að sjá hraðalinn eflast milli ára, samstarfið breikka og dýpka, bæði hér innanlands en einnig á alþjóðavísu með þátttöku Svöfu Grönfeldt og samstarfsfélga hennar frá MIT designX í ár.

Háskóli Íslands er afar stoltur af því að hafa tekið þátt í því að koma á fót fyrsta hraðlinum fyrir samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Háskóli Íslands leggur sífellt meiri áherslu á samfélagslega nýsköpun og leggur sig fram um að skapa vettvang þar sem tekist er á við þær flóknu áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag. Sú áhersla samrýmist stefnu skólans og birtist m.a. í rannsóknum, alþjóðlegu samstarfi og nýjum námsleiðum á borð við Kveikju, sem er nýtt námskeið í samfélagslegri nýsköpun fyrir nemendur á þriðja ári í grunnnámi, þvert á öll fræðasviðin fimm, og Vaxandi – Miðstöð um samfélagslega nýsköun – sem var nýverið endurvakið.

Það er mikilvægt að það sé til staðar vettvangur eins og Snjallræði sem veitir einstaklingum tækfæri á að koma fram með og vinna að mikilvægum nýsköpunarverkefnum sem hafa það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á samfélag og umhverfi.

Kæru keppendur, innilega til hamingju með ykkar þrotlausu vinnu og stórkostlegu verkefni.